REGLUR

46
13. marz

um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um fólksflutninga með skipum, sem ekki eru farþegaskip.

1. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri farþega en þrjá, auk formanns og vélamanns, nema að fengnu leyfi skipaskoðunarmanns, sýslumanns eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda þótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

2. gr.

Þilfarsskipum er bannað að flytja farþega, nema að fengnu leyfi skipaskoðunarmanns. Slíkt leyfi skal eigi veitt nema þegar sérstaklega stendur á, og ekki fyrir fleiri farþega en 10, enda sé farið eftir 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað fyrir farþegana. Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, þar sem fljótlega verður til þeirra gripið.

Sé skipið yfir 20 rúmlestir brúttó og fari út fyrir takmörk innfjarðarsiglinga, skal það auk þess hafa bát og bjargfleka, er rúmi alla á skipinu.

3. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 1. og 2. gr. hér á undan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess, eða þess, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir tegund skipsins og leið þeirri, sem fara á.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50 til 5000 kr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Með reglum þessum eru úr gildi numin ákvæði 2. málsgreinar 41. gr., 11. málsgr. 51. gr. og 7. málsgr. 70. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Reglur þessar staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.